

Framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar

Skýrsla um greiningu á verndargildi verndarsvæðis
Breiðafjarðar og áhrif þess, tækifæri og ógnanir,
á samfélag, byggð og atvinnulíf.



Framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar

Skýrsla um greiningu á verndargildi verndarsvæðis
Breiðafjarðar og áhrif þess, tækifæri og ógnanir,
á samfélag, byggð og atvinnulíf.



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



Vestfjarðastofa



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Byggðaáætlun



Framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar

UM STARF STÝRIHÓPS

Í mars 2022 skipaði umhverfis-orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, stýrihóp sem falið var að greina verndargildi verndarsvæðis Breiðafjarðar og áhrif þess, tækifæri og ógnanir, á samfélag, byggð og atvinnulíf. Greining stýrihópsins skyldi leiða til tillögu um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Áður hafði ráðuneytið í samvinnu við Breiðafjarðarnefnd, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi haft verndun Breiðafjarðar og tengsl verndunarinnar við byggðapróun til skoðunar.

Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið (áður umhverfis- og auðlinda- ráðuneytið) gerði verksamning við Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun. Verksamningurinn sem er mjög ítarlegur varð hryggjarstykkið í vinnu stýrihóps að verkefninu.

Í stýrihópnum sitja

- Sigríður Finsen, formaður, skipuð án tilnefningar,
- Steinar Kaldal, sérfræðingur í umhverfis- orku og loftslagsráðuneytinu, í tímabundnu leyfi hans sátu Guðríður Þorvarðardóttir og Dagný Arnarsdóttir fundi.
- Erla Friðriksdóttir, formaður Breiðafjarðarnefndar, tilnefnd af Breiðafjarðarnefnd,
- Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af innviðaráðuneytinu,
- Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri, tilnefndur af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi,
- Jóhanna Ösp Einarsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi og formaður stjórnar, tilnefnd af Fjórðungssambandi Vestfirðinga,

- Kristján Skarphéðinsson, sérfræðingur, tilnefndur af matvælaráðuneytinu, síðar Freydís Vigfúsdóttir og síðar Sveinn Kári Valdimarsson í leyfi Freydísar.
- María Reynisdóttir, sérfræðingur menningar- og viðskiptaráðuneytið, síðar Þórarinn Örn Þrándarson,
- Starfsmaður frá Náttúrustofu Vesturlands, Jakob Johann Stakowski, starfaði tímabundið með stýrihópnum.

Í tengslum við verkamninginn við ráðuneytið var skipaður samráðshópur með fulltrúum allra sveitarfélaga við Breiðafjörð.

Samráðshópurinn skipa:

- Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarstjóri Vesturbyggð
- Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri, Reykhólahreppi
- Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggð
- Halldór Árnason, hagfræðingur, Stykkishólmi (nú látinn),
- Hafsteinn Garðarsson, hafnarstjóri, Grundarfirði
- Kristinn Jónasson, bæjarstjóri, Snæfellsbæ

Stýrihópurinn hefur komið saman á netfundum og fengið til sín gesti um fengið fræðslu um ýmis mál er varða Breiðafjörð, s.s. kynning á skipulagsferli haf- og strandsvæða, kynning á rannsóknum Hafrannsóknarstofnunar á Breiðafirði.

Starfsmaður stýrihópsins Jakob Johann Stakowski tók saman skýrslu undir heitinu Stöðugreining Breiðafjarðarsvæðis.

Landshlutasamtölin tvö fengu ráðgjafafyrirtækið KPMG til að framkvæma sviðsmyndagerð fyrir Breiðafjörð sem gaf hugmyndir um hvert skyldi stefna.

Vífill Karlsson hagfræðingur hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi tóksaman skýrslu um hagrænt virði Breiðafjarðar. Leitast er við að meta mögulega verðmætasköpun sem hlýst af nýtingu náttúruauðlinda við Breiðafjörð og fer þar mest fyrir sjávarfangi en einnig hverskyns ferðaþjónustu og frítímaíðju. Niðurstöðurnar leiða í ljós að notavirði Breiðafjarðar sé a.m.k. 17 ma.kr. á ári eða 488 ma.kr. þegar sú upp var núvirt um alla eilífið m.v. 3,5% afvöxtunarstuðul, í það minnsta.

Ein af sviðsmyndum sviðsmyndagreiningarinnar nefnist Breiðfirskir straumar þar sem ákveðið jafnvægi ríkir á milli verndar og nýtingar og mikil áhersla lögð á rannsóknir. Tillögur stýrihópsins taka mið af þessari sviðsmynd og leitast við að raungera hana. Tillögurnar voru ræddar á sameiginlegum fundum stýrihóps og samráðshópsins í febrúar 2024. Tillögurnar eru fjölbreyttar og beinast að nokkrum aðilum.

Á fundum með íbúum og hagaðilum í Stykkishólmi, Dalabyggð og á Barðaströnd í mars 2024, voru tillögurnar kynntar og teknar til umræðu. Tæplega 90 manns tóku þátt í fundum, sem skiluðu gagnlegum ábendingum til stýrihópsins,

Undirbúningur íbúafundanna annaðist Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá Ildi ehf., Aðalsteinn Óskarsson hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Páll Brynjarsson hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og formaður stýrihópsins Sigríður Finsen.

Þeim fjölmörgu sem komu að starfi stýrihópsins er þakkað þeirra framlag.

Tillögur stýrihóps

Kynntar og ræddar á íbúafundum í mars 2024

Löggjöf um skipulag haf og strandsvæða (lög nr. 88/2018) verði nýtt hið fyrsta við skipulag Breiðafjarðar

Löggjöfin er tiltölulega nýlegt tæki til að kortleggja og forgangsráða verkefnum á strandsvæðinu. Skipulag haf- og strandsvæða er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði á fjörðum og flóum utan staðarmarka sveitarfélaga, þar sem sett er fram stefna og ákvarðanir stjórnvalda um framtíðarnýtingu og vernd svæðisins. Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar eru með þeim fyrirvara að þau skarast á við síðari ákvæði laga um afmörkun lögsögu sveitarfélaga til hafsins (netlög), lög um strandsvæðaskipulag, lög um náttúruvernd og lög um eignarrétt ríkisins á hafsbotni. En samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar ná mörk laganna til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins. Skipulag haf- og strandsvæðis og verndarsvæði Breiðafjarðar ná ekki yfir sama svæði. Mörk strandsvæðis má segja að taki síðan við þar sem mörkum verndarsvæðis Breiðafjarðar sleppir eða þau skarast lítillaga og því myndi gerð strandsvæðaskipulags í samspili við lög um verndun Breiðafjarðar ná að móta heillega umgjörð um Breiðafjarðarsvæðið allt.

Að mati stýrihóps er gerð haf- og strandsvæðaskipulags fyrir Breiðafjörð mikilvægasta skrefið til að móta framtíðarsýn og forgangsröðun fyrir svæðið og undirstaða þess að kortleggja auðlindir og skapa sátt um verndun og nýtingu.

Nánar um skipulag- haf og strandsvæða:

Skipulag haf- og strandsvæða byggir á nýlegri löggjöf frá árinu 2018. Búið er að ljúka og staðfesta strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði og Austfirði.

Í landsskipulagsstefnu er sett fram stefna um skipulag haf- og strandsvæða sem á að veita grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland.

Skipulagssvæði haf- og strandsvæða nær frá netalögn. þ.e.a.s. 115 m frá stórstraumsfjöru og að grunnlínu landhelginnar. Við Breiðafjörð eru ytri mörk frá Öndverðarnesi og að Skor.

Viðfangsefni stefnunnar geta varðað starfsemi á haf- og strandsvæðum, svo sem orkuvinnslu, eldi og ræktun nytjastofna, efnistöku, umferð og ferðapjónustu. Hún fjallar einnig um vernd haf- og strandsvæða sem og náttúruvá og útivist.

Skipulag haf- og strandsvæða er unnið í samvinnu ríkis og sveitarfélaga.

Áherslur í haf- og strandsvæðaskipulagi:

- Skipulagið veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu og viðhaldi mikilvægum auðlindum hafsvæða.
- Skipulagið byggist á heildarsýn á málefni hafsins og viðhaldi heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins.
- Byggist á vistkerfisnálgun til að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda og viðhaldi vistkerfa.

Gerð strandsvæðaskipulags er tímafrekt ferli en dregur fram fyrirætlanir aðila á svæðinu. Sveitarfélög hafa aðkomu að gerð strandsvæðaskipulags og skipa svæðisráð með fagráduneyti.

Nánari upplýsingar má sjá á hafskipulag.is



SSV



Vestfirðastofa

Framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar

Í kjölfar íbúafunda:

Ekki komu fram efasemdir um þessa tillögu, en helst að fólk teldi sig ekki hafa nægilega þekkingu á ferlinu og gagnseminni.

Lagt er til að tillagan standi óbreytt, á eftirfarandi forsendum, sem taldar eru koma til móts við skilaboð fundanna:


- Það mun þurfa að taka ákvarðanir og marka stefnu fyrir Breiðafjörð, á næstu árum.
- Strandsvæðaskipulag er lögformlegt tæki og ferli til að halda áfram þeirri vinnu sem átt hefur sér stað á vegum stýrihóps verkefnisins.
- Ríkt er kallað eftir aðkomu heimamanna við ákvarðanir og það er innbyggt í ferlið við gerð skipulagsins.

Fram komu spurningar um hvort ætti að vinna að **svæðisskipulagi** fyrir Breiðafjörð samhliða. Samþykktar hafa verið svæðisskipulagsáætlanir fyrir hluta svæðisins:

- Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, 2018 - 2030.
- Svæðisskipulag Snæfellsness, 2014 - 2026.

Þá er vinna við svæðisskipulag Vestfjarða hafin. Lagt er til að stýrihópur komi tillögum sínum og skilaboðum íbúafundanna á framfæri við viðkomandi svæðisskipulagsnefndir, en að svo stöddu verði ekki gert sérstakt svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð / Breiðafjarðarsvæðið.

Á íbúafundunum komu upp vangaveltur um hvernig skipulagssvæðið yrði afmarkað, en það má sjá á næstu mynd, sem fengin er af [vef Skipulagsstofnunar](#).



Smelltu á myndina til að stækka hana

Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar verði hnitsett eða tekin verði af öll tvímæli um mörk verndarsvæðis með öðrum hætti

Yfirfara þarf skilgreiningu á mörkum verndarsvæðis Breiðafjarðar. Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar afmarka verndarsvæðið, en skýra þarf lögina þannig að enginn vafi leiki á umfangi verndarsvæðisins með hnitsetningu.

Bent hefur verið á að mörk verndarsvæðisins séu ekki skýr miðað við skilgreiningar laga um haf- og strandsvæðaskipulag, mörk aðalskipulags sveitarfélaga, lög um eignarrétt ríkisins á hafsbotni og lög um fiskveiðilandhelgi Íslands. Hér er ekki verið að leggja fram tillögu um stækkun eða minnkun verndarsvæðis, einungis að mörk og umfang verndarsvæðisins verði hafin yfir allan vafa. Standi vilji sveitarfélaganna Snæfellsbæjar og Vesturbyggðar til að mörk verndarsvæðisins verði dregin vestar en nú er, þá er ekkert því til fyrirstöðu.

Í kjölfar íbúafunda:

Fram kom nokkuð skýr stuðningur við þessa tillögu, en þó varpað fram ýmsum spurningum um atriði sem ekki væri ljóst hvernig ætti að nálgast og spurt hvort þetta væri hreinlega mögulegt.

Því var bætt við tillöguna: „Eða tekin verði af öll tvímæli um mörk verndarsvæðis með öðrum hætti“.

Nýta ætti þær spurningar og ábendingar um álitamál, sem fram komu á íbúafundunum, við þá vinnu.

Greina kosti og galla þess að skrá verndarsvæði Breiðafjarðar (eða hluta þess) á lista UNESCO, á Ramsar skrá og /eða að gera Breiðafjörð að þjóðgarði

Breiðafjarðarnefnd nefndi þessar hugmyndir í skýrslu sinni um Framtíð Breiðafjarðar (2021). Mikil óvissa ríkir um hvað þessar hugmyndir þýða fyrir Breiðafjörð og eru um þær skiptar skoðanir.

Ýmsir sjá tækifæri t.d. í þjóðgarði, varðandi sjálfbærni, ferðaþjónustu, vörumerki og viðskipti. En aðrir óttast að verndun geti gengið of langt og verið á kostnað atvinnulífs og íbúa.

Í kjölfar íbúafunda:

Fram kom að ýmsum spurningum þyrfti að svara og því yrði þarft að greina kosti og galla þessara valkosta. Svo virðist sem einhver munur sé milli svæða, þannig var meira tekið undir hugmynd um þjóðgarð á fundi á Laugum og á Barðaströnd, en það kann að tengjast því að á þeim svæðum eru uppi hugmyndir um stofnun þjóðgarða á landi. Einnig kom fram að skoða ætti þann möguleika að fjörur í Dalabyggð og Reykhólahreppi færu á Ramsar skrá.

Lagt er til að tillagan standi óbreytt, þar sem skýrt kom fram að fólk vill vita meira um þessa kosti og að alls ekki verði teknar ákvarðanir í þessa átt án aðkomu heimamanna.

Sveitarfélög á svæðinu skapi sameiginlegan vettvang til samtals

Sveitarfélögin við Breiðafjörð hafa annars vegar tengsl í gegnum Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og svo Fjórðungssamband Vestfirðinga hins vegar. Árangursríkt gæti verið fyrir sveitarfélög við Breiðafjörð að koma saman reglulega og yfirfara stöðu sína og álitamál gagnvart verndun og nýtingu Breiðafjarðar. Meðan á vinnu við haf- og strandsvæðaskipulag stendur, starfar Svæðisráð skipað af fulltrúum ríkis og sveitarfélaga sem bera ábyrgð á gerð skipulagsins en Skipulagsstofnun vinnur að gerð þess í umboði svæðisráðs.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Vestfjarðastofa/Fjórðungs-samband Vestfirðinga taki að sér að skapa slíkan vettvang í samstarfi við sveitarfélögin við Breiðafjörð.

Í kjölfar íbúafunda:

Þau sem á annað borð tjáðu sig um þessa tillögu voru henni fylgjandi. Í því felst viðurkenning á mikilvægi sveitarfélaganna varðandi alla stefnumörkun um málefni Breiðafjarðar. Varpað var fram spurningu um hvort sveitarfélögin ættu að skipa kjörna fulltrúa fyrir sína hönd í Breiðafjarðarnefnd.

Lagt er til að tillagan standi óbreytt og að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Vestfjarðastofa/Fjórðungs-samband Vestfirðinga, taki að sér að skapa slíkan vettvang í samstarfi við sveitarfélögin við Breiðafjörð.



Öflugar rannsóknir - rannsóknastofnanir og þekkingarnet við Breiðafjörð

Samfélög og atvinnulíf byggja á nýtingu Breiðafjarðar og til að tryggja sjálfbærni þeirrar nýtingar þarf öflugar rannsóknir á lífríki og auðlindum, svo og rannsókn á þolmörkum umhverfis, samfélaga og atvinnulífs Breiðafjarðar og miðla þeim til almennings og hagaðila.

Rannsóknamiðstöðvar við Breiðafjörð þarf að efla í þessu samhengi og ná þannig inn gæðum sem felast í nálægð og skilningi varðandi rannsóknarviðfangið og eflingu þekkingarsamfélags við Breiðafjörð. Leitast verði við að rannsóknir s.s. Hafrannsóknastofnunar og Náttúrufræðistofnunar verði í góðu samstarfi við rannsóknastofnanir við Breiðafjörð.

Efla þarf rannsóknarsetur sem þegar eru til staðar þ.e. að þau séu á heimaslóðum og efla rannsóknir í héraði og auka samstarf þeirra í milli.

Náttúrustofur Vesturlands og Vestfjarða gegna hér hlutverki svo og Háskólasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi. Þá er mikilvægt að nýta aðstöðu á svæðinu til rannsókna eins og Vör rannsóknarsetur býður upp á. Eins eru hugmyndir um stofnun Fjöruseturs á Barðaströnd. Markmið með stofnun þess er að mynda vettvang fræðasamfélagsins um fjöruna þ.e. vistkerfið í millibili lands og sjávar. Á þessum vettvangi verði fjallað um vernd, nýtingu og stöðu samfélaga, eins er markmið að reka gestamiðstöð auk þess að bæta aðgengi og upplýsingar um fjöruna fyrir almenning og ferðamenn. Nýstofnaðri Þörungamiðstöð Íslands á Reykhólum er ætlað að stuðla að aukinni þekkingu og byggja upp þekkingarbanka varðandi nýtingu þörunga við Ísland. Einnig má nefna rannsóknar- og þróunarsetur fiskeldis á Patreksfirði, sem verði er að koma á fót.

Brýnt rannsóknarviðfangsefni snýr að þangi og þara í Breiðafirði og nýtingu þessara auðlinda og mikilvægi sem uppeldisstöðvar nytjastofna.

Komið verði á fót miðlægum gagnagrunni um rannsóknir tengdar Breiðafirði.

Mikilvægt er að rannsóknarsetrin eigi í samtali við atvinnulífið um auðlindir og nýtingu þeirra.

Fjölpættar rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar eru grunnur að upplýstum ákvörðunum og trúverðugum áætlunum til að fylgja eftir ákvæðum laga um vernd Breiðafjarðar.

Rannsóknastarf þarf m.a. að beinast að auðlindum í stærra samhengi alls vistkerfis Breiðafjarðar og fellur að hugmyndum um uppbyggingu Þekkingarnets, en Stykkishólmsbær hefur fengið stuðning frá Háskóla, iðnaðar og viðskiptaráðuneytinu til að undirbúa stofnun þekkingarnets við Breiðafjörðinn. Hugmyndin er að með þekkingarneti megi tengja saman alla þá aðila sem vinna að rannsóknum, þekkingarsköpun og nýsköpun á svæðinu. Sköpuð verði umgjörð til þess að efla samstarf þessara aðila og ýta undir sóknarfæri til þess að styrkja rannsóknir, þekkingarsköpun og nýsköpun á svæðinu.

Í kjölfar íbúafunda:

Tekið var undir þessa tillögu og því lagt til að hún standi óbreytt.

Skilaboð íbúafundanna um hvað þarf helst að rannsaka, styðja það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni um rannsóknir á þangi og þara. Einnig mætti leggja enn meiri áherslu á hugtakið „vistkerfisnálgun“ í greinargerð. Þá má spyrja, hvort mætti nefna rannsóknir vegna orkunýtingar, sbr. atriði sem nefnd eru í samantekt og e.t.v. kræklingarækt og æðardún.

Rannsóknaráætlun um þolmörk vistkerfis Breiðafjarðar og vöktun á lífríki

Dörf er á gleggri og ítarlegri upplýsingum um stöðu vistkerfis Breiðafjarðar og greina ítarlega þolmörk svæðisins svo unnt sé að stuðla að sjálfbærri nýtingu Breiðafjarðar. Nýting auðlinda Breiðafjarðar þarf að vera sjálfbær og byggjast á vísindalegum gögnum sem túlkuð eru með vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Við mat á sjálfbærni hvers kyns nýtingar er því ekki nægjanlegt að horfa einungis til einnar tegundar, heldur áhrifa nýtingarinnar á vistkerfi Breiðafjarðar. Þannig verði tryggt að nýting tegunda skaði ekki aðra hagsmuni eða lífríki Breiðafjarðar í heild sinni.

Árið 1993 staðfesti Ísland Bernarsamninginn um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu. Árið 2022 sendi fastanefnd Bernarsamnings frá sér tilmæli nr. 218 um hugsanleg neikvæð áhrif á náttúru Breiðafjarðar og umhverfi þess vegna nýrra vegamannvirkja. Tilmæli fastanefndar eru samtals níu og snúa að vegaframkvæmdum við Vestfjarðarveggar nr. 60, auk þess sem þau fjalla um verndarsvæði Breiðafjarðar í heild. Þar eru settar fram tillögur um hvernig styrkja megi vernd svæðisins til framtíðar, s.s. með upptöku alhliða vöktunaráætlunar fyrir vistkerfi Breiðafjarðar. Tilmælin leggja áherslu á mikilvægi samráðs hvað varðar vegaframkvæmdir á svæðinu og einnig að samráð sé haft um tillögur að mögulegri styrkingu verndar Breiðafjarðar¹.

Í kjölfar íbúafunda:

Ekki er hægt að lesa annað í skilaboð íbúafundanna en að fólk telji mikilvægt að gæta að þolmörkum varðandi nýtingu auðlinda úr Breiðafirði. Því væri rannsóknaráætlun þörf og lagt til að sú tillaga standi óbreytt.

¹ <https://natturuminjaskra.ni.is/index.html?extent=242188.7016%2C480042.4913%2C394721.2984%2C592887.5087%2C3057>



Landvarsla verði eflað í þeim tilgangi að auka umsjón með og fræðslu um svæðið

Tilraunaverkefni um landvörslu var starfrækt sumrin 2019 –2021 með sérstakri fjárveitingu til Breiðafjarðarnefndar. Aukinn fjöldi ferðamanna á svæðinu kallar á að fylgst verði betur með áhrifa á umhverfi og samfélag. Nýleg friðlýsing Látrabjargs og hugmyndir stjórnvalda og sveitarfélaga um stofnun þjóðgarðs á svæði sem nái frá Vatnsfirði til og með Dynjandisvogi kallar á aukna landvörslu. Þetta á einnig við um nýframkomnar hugmyndir um þjóðgarð í Dalabyggð.

Aukin landvarsla byggir undir þekkingu á svæðinu, miðlun upplýsinga og er atvinnuskapandi.

Í kjölfar íbúafunda:

Hjá þeim sem tóku undir tillöguna kom fram að mest þörf væri fyrir landvörslu í Flatey. Ýmsir lýstu áhuga á að byrja strax með tilraunaverkefni, sumarið 2024.

Efasemdir um tillöguna snérust fyrst og fremst um gagnsemi landvörslu og hvort landvarsla gæti í sjálfu sér aukið umferð um viðkvæm svæði.

Stýrihópur telur landvörslu mikilvæga til að stuðla að jafnvægi milli verndar og nýtingar með því að stýra aðgengi og beina á ákveðin svæði.

Stýrihópur leggur til að skilgreint verði tilraunaverkefni í landvörslu fyrir komandi sumar. Vísa má til skýrslu Umhverfisstofnunar: „Landvarsla við Breiðafjörð 2020²“.

² <https://ust.is/library/sida/Nattura/Landvarsla%20vi%C3%B0Brei%C3%B0afj%C3%B6r%C3%B0%202020.pdf>



Starf Breiðafjarðarnefndar – auka framlög til að gera nefndinni kleift að sinna hlutverki sínu

Síðast en ekki síst þarf samhliða því sem aukin áhersla er lögð á Breiðafjörð að styrkja starf Breiðafjarðarnefndar með auknu framlagi þannig að nefndin nái betur að sinna hlutverkum sínum og styrkja tengsl við sveitarfélögin við Breiðafjörð. Framlög til nefndarinnar hafa verið nánast óbreytt um langt skeið.

Í kjölfar íbúafunda:

Í ljósi afgerandi skilaboða íbúafundanna um aðkomu og forræði heimamanna varðandi málefni Breiðafjarðar, má spyrja hvort til sé betri vettvangur fyrir það samtal, en Breiðafjarðarnefnd, miðað við núverandi skipan mála.

Sú gagnrýni sem fram kom á nefndina byggðist á tvennu. Annars vegar því sjónarmiði að verndun væri óþörf og hins vegar því að skerpa þurfi á hlutverkum nefndarinnar, verkefnum og valdsviði.

Verði farið í haf- og strandsvæðaskipulag, verður þar til samráðsvettvangur, en hann er tímabundinn og með afmarkað viðfangsefni. Svæðisráð starfar síðan áfram og tekur verkefni samkvæmt tilmælum ráðherra. Þar sem hlutverk svæðisráðs er að fjalla um skipulagsmál, mun það ekki geta tekið yfir það víðtæka hlutverk sem Breiðafjarðarnefnd er falið.

Stýrihópur metur það svo að ein af ástæðum gagnrýni á Breiðafjarðarnefnd sé að henni hafi ekki verið kleift að sinna hlutverki sínu vegna fjárskorts.

Á þessum forsendum er tillagan áréttuð og lagt til að hún standi óbreytt.



Hvernig verndargildi Breiðafjarðar eflir byggða og atvinnuþróun (C9)

Tilurð verkefnisins byggir á aðgerð C9 í Byggðaáætlun „Náttúruvernd til eflingar byggðapróun“. Markmið aðgerðarinnar er að þáttur náttúruverndar í byggðapróun verði eflður með umfjöllun hvernig náttúruvernd geti haft jákvæð áhrif á byggðapróun með greiningu á tækifærum og ávinningi sveitarfélaga. Í annan stað að skýra hvernig náttúruverndaráform samræmist stefnu sveitarfélaga og nýta tækifæri sem bjóðast tengt náttúruvernd.

Í verkefnalýsingu er tilgangur verkefnis skýrður nánar þ.e. að draga fram verndargildi og hvaða tækifæri og áskoranir sem verndargildið geti skapað til framtíðar gagnvart samfélagi og atvinnulífi. Tilgreind eru tækifæri tengd náttúruvernd, minjavernd, ferðaþjónustu, útivist, nýtingu auðlinda og markaðssetningu afurða.

Skilaboð úr viðtölum KPMG við undirbúning sviðsmyndagreiningar, voru á þá leið að finna yrði jafnvægi á milli verndunar og nýtingar. Hér yrði að auka við gagnaöflun og leiða yrði fram hvort og hvernig aukin verndun geti aukið verðmæti auðlinda í Breiðafirði. Slík gagnaöflun ætti einnig að varpa ljósi á hver væri framleiðslugeta auðlinda og hvort auka megir virði afurða og þjónustu. Orkuframleiðsla úr sjávarföllum og staða orkumála við Breiðafjörð voru einnig ofarlega í huga viðmælenda og að lokum áhyggjur af auknum ágangi ferðaþjónustu. Á grunni þessara viðtala og umfjöllun verkefnisstjórnar voru drifkraftar Breiðafjarðarsvæðisins taldir vera verndun og fjölbreytni atvinnulífs.

Skilaboð íbúafunda sem tengja má við markmið verkefnis eru m.a. áhyggjur af ágangi á svæðið, sérstaklega vegna skemmtiferðaskipa. En almennt að stefnumörkun um vernd sé án öfga og búi til tækifæri til að byggja upp ferðaþjónustu, tækifæri voru nefnd varðandi þjóðgarða og ákvæði Ramsarssamnings. Slíkt yrði að gerast með hægum og öruggum skrefum og nánú samtali við landeigendur en hluti eyjabænda sem dæmi, eru ekki á því að byggja upp ferðaþjónustu sérstaklega.

Hagræn greining leiðir ljós að núvirt notavirði Breiðafjarðar til allrar eilífðar eru tæpir 500 ma þar af eru þrjár atvinnugreinar, sjávarútvegur (46%), ferðaþjónusta (25%) og orkuvinnsla (16%) sem standa undir 87% notavirðis núverandi atvinnulífs við Breiðafjörð. Notavirði þangs og þara m.t.t. vinnslu er metið rúm 3 %, Notavirðið margfaldast að teknu tilliti til áhrif þara og þangs á vaxtarskilyrði helstu nytjastofna fiskistofna og hækkar það heildarnotavirði Breiðafjarðar í allt að 1.000 ma.

Notavirði Breiðafjarðar verður því að teljast mjög mikið og til að viðhalda því notavirði, þarf meira samtal og umræðu til að viðhalda jafnvægi á milli nýtingar og verndunar, en augljóst er mikilvægi á gildi verndunar fyrir samfélög og atvinnulíf. Umfang þess samtals milli sveitarfélaga, ráðuneyta og atvinnulífs er umfram getu verkefnisins og því er þeirri vinnu vísað í tillögu um að hefja gerð strandsvæðaskipulags.

Þó vinna við strandsvæðaskipulags hæfist nú þegar, myndi hún taka tvö til þrjú ár að ljúka henni. Þau skilaboð sem nú þegar liggja fyrir úr verkefninu marka nú þegar ramma verndunar og nýtingar sem vinna strandsvæðaskipulags myndi fléttast um og samræmast markmiðum verkefnisins um eflingu byggðapróunar á grundvelli verndunar. Aðrar atvinnugreinar ættu í millitíðinni að geta nýtt sér tækifæri í aðgerðum sem hefðu strax áhrif svo sem með aukinni landvörslu, auknum rannsóknum á lífríki og þróun atvinnutækifæra með vísun til verndunargildis.

Verkefnisstjórn hefur sett fram tillögur um eflingu landvörslu og eflingu rannsóknastofnana sem starfa við Breiðafjörð. Hér er rétt að skerpa á þessum tillögum auk annarra tillagna sem tengja má við markmið C9 aðgerðar Byggðaáætlunar.



Tillögur;

- a. auka landvörslu í Flatey þar sem fyrir séð er aukin ásókn ferðapjónustu sem þarf að stýra til að viðhalda verndunargildi eyjarinnar og nágrenni. Sama gildir um svæði í Dalabyggð og á Reykhólum.
- b. styrkja vöruþróun ferðþjónustufyrirtækja sem byggja á ramma Breiðafjarðarnefndar
- c. efla og eða hefja samtal milli sveitarfélaga og stofnana ráðuneyta um uppbyggingu þjóðgarða við Breiðafjörð
- d. efla rannsóknarstofnanir sem hafa eða hafa haft starfsemi við Breiðafjörð og auka upplýsingagjöf til ferðapjónustu og samfélaga um stöðu og framtíð lífríkis Breiðafjarðar. (Mætti einnig vera tillaga um að efla héraðsbundnu stofnanir okkar s.s. Breiðafjarðarnefnd og Náttúrustofur án þess að vera stíga tær annarra stofnana)



Byggðapróun

Byggðapróun

Í áætlunum innviðaráðuneytis (byggðaáætlun, samgönguáætlun, húsnæðisstefnu og stefnu í málefnum sveitarfélaga og í landskipulagsstefnu sem er til umfjöllunar Alþingis, 154 löggjafarþing) er búsetufrelsi sett að meginmarkmiði og með því verði unnið að tryggja lífsgæði íbúa. Lífsgæði felist í að geta valið búsetu, búsetuform og um allt land megi njóti sambærilegra gæða í umhverfi, innviða og opinberrar þjónustu. Setja þarf fram tillögur sem vinna með aðgerðum í áætlunum innviðaráðuneytis, fyrir Breiðafjörð verði sett að markmiði að stuðla að hagfelldri samfélagsþróun við Breiðafjörð í heild og innan einstakra búsetusvæða. Hins vegar þarf að beita ólíkri nálgun eftir því sem þróun einstakra samfélaga hefur verið á undanförunum áratugum, með vísan til greiningar á mismunandi þróun mannfjölda og atvinnulífs í stöðuskýrslu.

Samgöngubætur

Einn lykilþáttur í að ná fram hagfelldri samfélagsþróun við Breiðafjörð eru bættar tengingar búsetusvæðanna, þar sem jöfnum höndum er verið að skapa einstaka svæðum sem og Breiðafirði í heild, ný tækifæri og bætta samkeppnisstöðu. Fyrir atvinnulíf eru góðar samgöngur sömuleiðis lykilatriði s.s. fyrir eflingu ferðaþjónustu og þungaflutningar á hráefni og afurðum.

Það er hins vegar ljóst að samgöngur á landi við Breiðafjörðinn eru í miklu lamasessi og ekki ásættanleg þróun með tímasetningu framkvæmda. Þau verkefni sem þarf að ráðast í eru þekkt og þau eru tilgreind í gildandi sem og fyrri samgönguáætlunum en hefur ítrekað verið frestað. Stofnvegaframkvæmdir á Snæfellsvegi um Skógarströnd og lokaáfangi Vestfjarðavegar 60 frá Bjarkarlundi að Skálanesi verður að telja hér í forgangi.

Vegur um Skógarströnd er malarvegur að stórum hluta með 7 einbreiðum brúm en vegurinn er mikilvæg tenging Snæfellsnes og Dala og sveitum sem að honum liggja. Í tillögu að samgönguáætlun

2024–2038 er gert er ráð fyrir lítilsháttar framkvæmdum tímabilið 2024–2029 en að öðru leyti vísað á seinni tímabil. Leggja verður megináherslu að framkvæmdir komist á fyrsta tímabil nýrrar samgönguáætlunar.

Framkvæmdir við Vestfjarðaveg 60 hafa verið kaflaskipt með ítrekuðum frestunum. Nú sérnú loks fyrir endann á framkvæmdum eftir rúmlega tveggja áratuga framkvæmdatíma, með heildarendurnýjun gamalla malarvega og nýframkvæmdum með þverun fjarða. Leggja verður megináherslu að ekki verið frekari frestanir og lokið verði við framkvæmdir á vegkafla milli Bjarkarlundar og Skálaness og ljúki eigi síðar en 2027. Hér er um að ræða kaflann á milli Djúpafjarðar og Melaness með þverun Djúpafjarðar og Gufufjarðar þá verður kominn láglandisvegur sem hefur tekið af erfiða fjallvegi um Hjallaháls (eftir að framkvæmd við veginn um Teigsskóg og þverun Þorskafjarðar lauk 2023) og Ódrjúgsháls.

Ástand Vestfjarðavegar 60 sem stofnvegur í Dalabyggð og Reykhólahreppi er orðið alvarlegt. Það sama á við um veginn í Saurbæ. Í tillögu að samgönguáætlun eru tilgreindir tveir kaflar, annarsvegar vegkafla milli Reykjadalásá að Haukadalsá og svo kafla frá Bjarkarlundi að Gilsfjarðarbrú. Þetta eru nauðsynlegar framkvæmdir en slitlag og burðarlag hefur víða gefið sig vegna aukinnar umferðar og á honum eru hættulegar einbreiðar brýr m.a. við Haukadalsá.

Tillaga að samgönguáætlun er að meginþungi framkvæmda við þessa vegkafla á að vera á 2. og 3. tímabili Samgönguáætlunar þ.e. 2029–2033 og 2034–2038, slík tímasetning er óásættanleg fyrir samfélag og atvinnulíf og verður að hraða þessum framkvæmdum. Setja þarf einnig fram þá kröfu að setja heildstæða tillögu um endurgerð Vestfjarðavegar 60 á þessu svæði og tilgreina einnig vegkafla frá Gilsfjarðarbrú að Saurbæ og frá Reykjadalásá að Bröttubrekku.

Tengivegir við Breiðafjörð eru mikilvægir fyrir samgöngur í dreifbýli og eru um leið lykilþáttur við uppbyggingu ferðaþjónustu. Hér eru forgangsmál að hraða framkvæmdum við með endurnýjun



SSV



Vestfjarðastofa

Framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar

gamalla malarvega með því að leggja þá bundnu slitlagi og fækka einbreiðum brúm samhliða. Hér eru tvö svæði í forgangi, annars vegar Klofningsvegur á Fellsströnd og Skarðsströnd en þessi leið er hluti af Vestfjarðaleiðinni sem nýtur vaxandi vinsælda ferðamanna. Og hins vegar það Rauðasandsvegur, Örlygshafnarvegur og Látrabjargsvegur sem eru vegir er liggja að meginseglum ferðaþjónustu við norðanverðan Breiðafjörð og eru sömuleiðis hluti af áfangastöðum tengdum Vestfjarðaleiðinni.


Breiðafjarðarferjan hefur verið meginstöð samgangna sunnanverðra Vestfjarða og byggðina í Flatey. Mikilvægi ferjunnar fyrir ferðaþjónustu á Vestfjörðum og Snæfellsnesi er stöðug og fer vaxandi með fjölgun ferðamanna til landsins. Hugmyndir hafa verið settar fram um byggingar nýrrar ferju og hún verði knúin vistvænu eldsneyti.

Afhendingaröryggi raforku

Afhendingaröryggi raforku er samspil orkuframleiðslu og flutningskerfis raforku. Í skýrslu starfshóps umhverfis, orku og loftslagsráðherra „Efling samfélagsins á Vestfjörðum“, frá júní 2023 eru lagðar fram beinar tillögur er varða orkuframleiðslu og flutningsmál raforku á Vestfjörðum, hraða verður umfjöllun um þessar tillögur og ná fram niðurstöðu.

Í þingsályktun Alþingis um flutningskerfi raforku frá 2018 er sett að markmiði að hringtenging raforkukerfis verði lokið 2030 og dreifikerfis fyrir 2040. Flutningskerfi á Vestfjörðum, í Dölunum og á Snæfellsnesi er ekki hringtengt í dag og núverandi flutningslínur eru um og yfir 50 ára gamlar. Staðan setur þessi svæði í mun lakari samkeppnisstöðu, miðað við aðra landshluta sem eru þegar hringtengdir og setur því hindranir fyrir uppbyggingu atvinnulífs og samfélaga og áætlunum um orkuskipti. Það er eindregin krafa að stefnumörkun Alþingis verði sett að leiðarljósi og þessi svæði verði hringtengd fyrir árið 2030.

Til að koma á þessum hringtengingum þarf annars vegar að tvöfalda flutningslínu (Vesturlínu) sem liggur frá Hrutatungu, um Glerárskóga, Geiradal og í Mjólka. Hinsvegar að byggja upp nýja flutningslínu



frá Vogaskeiði á Snæfellsnesi í tengivirkið að Glerárskógum sem hringtengir þá einnig Dali, en til vara í nýtt tengivirki á Holtavörðuheidi. Koma þarf á samstilltu átaki ríkis og sveitarfélaga í samvinnu við landeigendur til að flýta þessum framkvæmdum.

Fjarskiptamál

Farnet. Mörkuð hefur verið stefna til 2026 um uppbyggingu senda á stofnvegum við Breiðafjörð, flestir sendar verða settir upp við norðanverðan Breiðafjörð þar sem verulegar gloppur eru í farnetssambandi. Mörg svæði og vegkaflar á Vesturlandi og Vestfjörðum eru síðan utan kvaða Fjarskiptastofnunar á fjarskiptafélög um frekari uppbyggingu, sérstaklega er vakin athygli á að mikilvæga tengivegi s.s. á Laxárdalsheiði og vinsæl og vaxandi ferðamanna og útivistarsvæði á vegi fyrir Klofning um Fellsströnd og Skarðsströnd, veg að Látrabjargi og Rauðasandi.

Hvetja þarf einnig til samhliða uppbyggingar við farnetið á sendum fyrir Tetrakerfi björgunaraðila og lögreglu en sömu gloppur eru í því kerfi og á farneti.

Fastnet – ljósleiðari. Útbreiðsla ljósleiðaraneta er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum og innan þeirra á Vesturlandi og Vestfjörðum. Við Breiðafjörð er staðan er verst í Snæfellsbæ og Búðardal að því gefnu að uppbyggingaráform í Grundarfirði og Stykkishólmi gangi eftir á árinu 2024 en ella eru þessir staðir í vondri stöðu.

Tækifæri í ferðaþjónustu

Í viðtölum við íbúa við Breiðafjörð sem tekin voru í tengslum við vinnu við sviðsmyndagreiningu kom skýrt fram að ýmsum þykir mikilvægt að nýta betur þau tækifæri sem eru til eflingar ferðaþjónustu við Breiðafjörð. Á og við verndarsvæði Breiðafjarðar eru víða einstök náttúrusvæði. Áfangastaðaáætlanir Vestfjarða og Vesturlands eru leiðarljós um forgangsroðun verkefni. Mikilvægt er að áfangastaðir á jaðri verndarsvæðis Breiðafjarðar fái meiri athygli við úthlutanir úr opinberum sjóðum s.s. framkvæmdasjóði ferðamannastaða.



SSV



Vestfjarðastofa

Framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar

Endurskoðun reglugerða

Í nýrri skýrslu sem unnin var af ráðgjafafyrirtækinu Eigið fé fyrir SSV, Vestfjarðarstofu og SSVN um „Leiðir að byggðafestu“ kemur fram að víða gangi regluverk og eftirlitskröfur opinberra aðila allt of langt. Þetta takmarki tækifæri til nýsköpunar við nýtingu auðlinda. Þar er tekið dæmi af kræklingarækt sem á undir högg að sækja vegna regluverks og krafna um eftirlit, atvinnugrein sem hefur alla burði til þess að blómstra við Breiðafjörðinn. Það er afar brýnt að stjórnvöld endurskoði reglugerðir og kröfur um eftirlit þar sem það er engum til hagsbóta.


Nýsköpunarstarf

Mikilvægt er að efla nýsköpunarstarf við Breiðafjörðinn þannig að hægt sé að nýta auðlindir með sjálfbærum hætti, auka verðmætasköpun þeirra og grípa þau tækifæri sem Breiðafjörðurinn býður upp á. Þetta þarf að gera með því að efla rannsóknartengda nýsköpun og nýta til þess stuðning opinberra sjóða, innlendra sem erlendra, og samstarfi við atvinnulíf. Sóknaráætlanir Vesturlands og Vestfjarða sem og Byggðaaætlun hafa lagt línur sem unnt er að fylgja varðandi nýsköpun.

Lagareldi

Sem fram kemur í stöðuskýrslu er vagma nýtingar á þangi og þörungum á Íslandi við Breiðafjörð og mikilvægt að efla rannsóknir til að byggja traustan grunn fyrir áframhaldandi sjálfbæra nýtingu þessara auðlinda.

Í stefnumörkun stjórnvalda um Lagareldi er fjallað um mikla framtíðarmöguleika tengd þörungarækt og telja verður mikla möguleika á uppbyggingu við Breiðafjörð á þessu sviði, byggt á þeirri reynslu sem þegar er til staðar og landfræðilegum aðstæðum. Stjórnvöld leggja nú áherslu á að setja lagaramma fyrir fiskeldi en vilja fresta vinnu um setningu lagaramma fyrir þörungarækt. Skorað er á stjórnvöld að endurskoða þá ákvörðun og hefja nú þegar vinnu við setningu lagaramma fyrir þörungarækt enda líklegt að þörungarækt verði til mikilla hagsbóta fyrir samfélagin við Breiðafjörð.





SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



Vestfjarðastofa



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Útgefið í júní 2024